# 300 Samgöngur

## Íslensk fitjuskrá
## útgáfa 1.2

**Umsjón efnisinnihalds:**

VEGAGERÐIN

LANDMÆLINGAR ÍSLANDS

SSL nefnd LÍSU

Faxaflóahafnir
Isavia – Flugstoðir
Landhelgisgæslan - Sjómælingar
Reykjavíkurborg
Siglingastofnun

Vegna athugasemda og fyrirspurna vinsamlega hafið samband
í síma 430 9000 eða sendið tölvupóst á lmi@mi.is

# 300 Samgöngur

| **Nafn** | **Samgöngur** |
|---|---|
| **Skilgreining** | Samgöngur  og mannvirki tengd þeim hvort sem um er að ræða á landi, sjó eða í lofti. |
| **Kóði** | 300-399 |

**Fitjulokkar**

| | |
|---|---|
| 301 | Vegakerfi |
| 310 | Flugvöllur |
| 320 | Höfn / hafnarsvæði |

| **Fitjueigindir** | **Heiti** |
|---|---|
| Akstursstefna | akstursstefna |
| Brautarnúmer | brautarnr |
| Breidd | breidd |
| Efni í viðlegumannvirki | efniVidlegumannvirki |
| Eining flugvallar | einingFlugvallar |
| Eining hafnar | einingHafnar |
| Eining vegakerfis | einingVegakerfis |
| Flokkun hafna | hafnir |
| Gerð sjóvarna | gerdSjovarna |
| Gerð upptökumannvirkis | gerdUpptokumannvirkis |
| Gerð viðlegumannvirkis | gerdVidlegumannvirkis |
| Hraði | hradi |
| Hæð | haed |
| Legudýpi | nota fitjueigindina hæð |
| Lengd | lengd |
| Slitlag | slitlag |
| Sæflötur hafnar | saefloturHafnar |
| Vegflokkun | vegflokkun |
| Vegflokkun sveitafélaga | vegflokkunSveitafelaga |
| Vegnr | vegnr |
| Vegtegund | vegtegund |

## 301 Vegakerfi

| **Nafn** | ***Vegakerfi*** |
|---|---|
| **Skilgreining** | Vegakerfi landsins skiptist í þjóðvegi, sveitarfélagsvegi, almenna stíga og einkavegi. Þjóðvegir og sveitarfélagsvegir skulu mynda eðlilegt, samfellt vegakerfi til tengingar byggða landsins. [1] |
| **Kóði** | 301 |

| **Fitjueigindir** | | |
|---|---|---|
| | Akstursstefna | akstursstefna |
| | Breidd | breidd |
| | Eining vegakerfis | einingVegakerfis |
| | Hraði | hradi |
| | Lengd | lengd |
| | Slitlag | slitlag |
| | Vegflokkun | vegflokkun |
| | Vegflokkun sveitafélaga | vegflokkunSveitafelaga |
| | Vegnúmer | vegnr |
| | Vegtegund | vegtegund |

**Fitjueigind**

| **Nafn** | *Aksturstefna* |
|---|---|
| **Skilgreining** | Akstursstefna |
| **Heiti** | akstursstefna |
| **Tegund eigindar í gagnagrunni** | Heiltala |
| **Mælieining eigindar** | Engin |
| **Gerð gildisóðals** | 1 = tilbúið gildi |

| **Gildi fitjueigindar** | | |
|---|---|---|
| *Nafn* | *Kóði* | *Skilgreining* |
| Einstefna á móti stefnu línu | -1 | Stefna línu sýnir hvernig hún er teiknuð. |
| Óþekkt | 0 | |
| Einstefna með stefnu línu | 1 | Stefna línu sýnir hvernig hún er teiknuð. |
| Tvístefna | 2 | |

**Fitjueigind**

| **Nafn** | *Breidd* |
|---|---|
| **Skilgreining** | Heildarbreidd hvers fyrirbæris |
| **Heiti** | breidd |
| **Tegund eigindar í gagnagrunni** | Rauntala (e: real) |
| **Mælieining eigindar** | Metrar |
| **Gerð gildisóðals** | Ákveðið gildi |
| **Gildisóðal** | Jákvæðar rauntölur |

**Fitjueigind**

| **Nafn** | *Eining vegakerfis* |
|---|---|
| **Skilgreining** | Fitjueigindin er notuð til að greina á milli fyrirbæra í vegakerfi landsins. |
| **Heiti** | einingVegakerfis |

| | |
|---|---|
| **Tegund eigindar í gagnagrunni** | Heiltala (e: integar) |
| **Mælieining eigindar** | Engin |
| **Gerð gildisóðals** | 1 = tilbúið gildi |

| **Gildi fitjueigindar** | | |
|---|---|---|
| *Nafn* | *Kóði* | *Skilgreining* |
| Vegur | 1 | |
| Brú | 2 | Mannvirki til að tengja saman tvo staði yfir vatnsfall (gil, skurð), veg, umferðaræðar eða aðra torfæru. Lengd milli stöpla þarf að vera 4 metrar eða meira. |
| Vað | 3 | |
| Göng | 4 | Göng eru yfirbyggður vegur, leið, slóði, grafin neðarjarðar eða í gegnum fjall ætluð til dæmis fyrir umferð farartækja eða gangandi vegfaraenda. [1] |
| Vegskáli/forskáli | 6 | „Vegskáli er yfirbygging yfir veg, til varnar grjóthruni og snjóflóðum. Forskáli er steyptur vegskáli fyrir framan veggöng". |
| Ferja | 7 | |

**Fitjueigind**

| | |
|---|---|
| **Nafn** | *Hraði* |
| **Skilgreining** | Leyfilegur akstursrhraði. |
| **Heiti** | hradi |
| **Tegund eigindar í gagnagrunni** | Heiltala |
| **Mælieining eigindar** | km/klst |
| **Gerð gildisóðals** | Ákveðið gildi |
| **Gildisóðal** | 1 = tilbúið gildi |

**Fitjueigind**

| | |
|---|---|
| **Nafn** | *Lengd* |
| **Skilgreining** | Heildarlengd hvers fyrirbæris. |
| **Heiti** | lengd |
| **Tegund eigindar í gagnagrunni** | Rauntala (e: real) |
| **Mælieining eigindar** | Metrar |
| **Gerð gildisóðals** | Ákveðið gildi |
| **Gildisóðal** | Jákvæðar rauntölur |

**Fitjueigind**

| | |
|---|---|
| **Nafn** | *Slitlag* |
| **Skilgreining** | Gerð slitgólfs eða slitlags á vegum og stígum. |
| **Heiti** | slitlag |
| **Tegund eigindar í gagnagrunni** | Heiltala |
| **Mælieining eigindar** | Engin |
| **Gerð gildisóðals** | 1 = tilbúið gildi |

| **Gildi fitjueigindar** | | |
|---|---|---|
| *Nafn* | *Kóði* | *Skilgreining* |
| Bundið | 10 | Bundið óskilgreint slitlag |
| Klæðing | 13 | Bikbundið slitlag blandað á veginum. |
| Malbik | 14 | Malbik blandað í malbikunarstöð. |
| Steypa | 15 | |
| Hellur / Steinar | 17 | |
| Timburgólf | 18 | |
| Óbundið | 20 | Óbundið óskilgreint slitlag |

| | | |
|---|---|---|
| Möl | 21 | |
| Mold | 22 | |
| Kurl | 23 | |
| Gras | 24 | |

**Fitjueigind**

| | |
|---|---|
| **Nafn** | *Vegflokkun (þjóðvegir)* |
| **Skilgreining** | „Þjóðvegir eru þeir vegir sem ætlaðir eru almenningi til frjálsrar umferðar, haldið er við af fé ríkisins og upp eru taldir í vegaskrá. Þjóðvegum skal skipað í flokka eftir eftirfarandi reglum:" [1] |
| **Heiti** | vegflokkun |
| **Tegund eigindar í gagnagrunni** | Heiltala (e: integer) |
| **Mælieining eigindar** | Engin |
| **Gerð gildisóðals** | 1 = tilbúið gildi |

| **Gildi fitjueigindar** | | |
|---|---|---|
| *Nafn* | *Kóði* | *Skilgreining* |
| | | [1] |
| Stofnvegur | 1 | „*Stofnvegir* eru hluti af grunnkerfi samgangna eins og það er skilgreint í samgönguáætlun hverju sinni. Til stofnvega teljast vegir sem tengja saman byggðir landsins. Við það vegakerfi sem þannig fæst skal tengja þéttbýlisstaði með um það bil 100 íbúa eða fleiri. Til stofnvega teljast einnig umferðarmestu vegir sem tengja saman sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu. Einnig vegir á hálendinu sem mikilvægir eru fyrir flutninga og ferðaþjónustu. Þar sem stofnvegur endar í þéttbýli skal hann ná að fyrstu þvergötu sem tilheyrir gatnakerfi þéttbýlisins og enda þar. Þó er heimilt að láta stofnveg ná til flugvallar og hafnar sem mikilvæg eru fyrir ferðaþjónustu og flutninga." [1] |
| Tengivegur | 2 | „*Tengivegir* eru vegir utan þéttbýlis sem liggja af stofnvegi á stofnveg eða af stofnvegi á tengiveg og eru a.m.k. 10 km langir, vegir sem tengja landsvegi við stofnvegi, vegir sem ná til þéttbýlisstaða með færri en 100 íbúa og tengja þá við stofnvegakerfið, vegir að helstu flugvöllum og höfnum sem mikilvægar eru fyrir flutninga og ferðaþjónustu, og vegir að ferjuhöfnum ef þeir eru ekki stofnvegir, vegir að þjóðgörðum og innan þeirra og vegir að fjölsóttum ferðamannastöðum utan þéttbýlis. Þar sem tengivegur endar í þéttbýli skal tengja hann fyrstu þvergötu sem tilheyrir vegakerfi þéttbýlisins og enda þar." [1] |
| Héraðsvegur | 3 | „*Héraðsvegir* eru vegir sem liggja að býlum, atvinnustarfsemi, kirkjustöðum, opinberum skólum og öðrum opinberum stofnunum utan þéttbýlis sem ákveðnir eru á staðfestu skipulagi og taldir upp í vegaskrá. Héraðsvegur skal aldrei ná nær framangreindum stöðum en 50 m ef hann endar þar. Jafnframt er heimilt að taka í tölu héraðsvega vegi að sumarbústaðahverfum sem tengja að minnsta kosti 30 bústaði við þjóðveg." [1] |
| Landsvegur | 4 | „*Landsvegir* eru vegir yfir fjöll og heiðar sem ekki tilheyra neinum af framangreindum vegflokkum og aflagðir byggðavegir á eyðilendum. Á vegum þessum skal yfirleitt einungis gera ráð fyrir árstíðabundinni umferð og minna eftirliti og minni þjónustu en á öðrum þjóðvegum." [1] |
| Almennir vegir | 5 | Vegir sem ekki teljast þjóðvegir en eru í eigu opinberra aðila og eru ætlaðir almenningi til frjálsrar umferðar, t.d. hálendisvegir. |
| Stofnvegur um hálendið | 8 | „Stofnvegir eru hluti af grunnkerfi samgangna eins og það er skilgreint í samgönguáætlun hverju sinni. Til stofnvega teljast vegir sem tengja saman byggðir landsins. ...Einnig vegir á hálendinu sem mikilvægir eru fyrir flutninga og ferðaþjónustu." [1] |
| Sveitarfélagsvegir | 11 | „Sveitarfélagsvegir eru vegir innan þéttbýlis sem ekki teljast þjóðvegir skv. 8. gr. vegalaga, eru í umsjá sveitarfélaga og ætlaðir almenningi til frjálsrar umferðar. [1] |

| | | |
|---|---|---|
| Almennir stígar | 10 | Almennir stígar eru reiðstígar, göngu- og hjólreiðastígar sem ætlaðir eru almenningi til frjálsrar umferðar og haldið er við af fé ríkis eða sveitarfélaga." [1] |
| Einkavegir | 12 | „Einkavegir eru vegir sem hvorki teljast þjóðvegir né sveitarfélagsvegir og eru í eigu einstaklinga, fyrirtækja eða opinberra aðila" [1] Vegir sem eru 50 metrar eða styttri að sveitabæ flokkast sem einkavegur. Vegir heim að eyðibýlum og sumarhúsum flokkast einnig sem einkavegir. Einnig flokkast vegir í landbúnaðarlandi s.s. vegir sem hafa orðið til vegna landnýtingar, ræktunar eða beitar, vegir milli túna, beitarhólfa o.fl. sem einkavegur. |

**Fitjueigind**

| | |
|---|---|
| **Nafn** | *Vegflokkun sveitafélaga (áður Vegflokkun í þéttbýli)* |
| **Skilgreining** | Flokkun gatna í þéttbýli. Þéttbýli er skilgreint í Skipulagsreglugerð á eftirfarandi hátt: „Þyrping húsa þar sem búa a.m.k. 50 manns og fjarlægð milli húsa fer að jafnaði ekki yfir 200 metra." [2] |
| **Heiti** | vegflokkunSveitafelaga |
| **Tegund eigindar í gagnagrunni** | Heiltala (e: integer) |
| **Mælieining eigindar** | Engin |
| **Gerð gildisóðals** | 1 = tilbúið gildi |

| **Gildi fitjueigindar** | | |
|---|---|---|
| *Nafn* | *Kóði* | *Skilgreining* |
| | | |
| Stofnbraut | 1 | „Stofnbrautir eru aðalumferðarbrautir í þéttbýli og tengjast stofnvegakerfi utan þéttbýlis.... Stofn- og tengibrautir mynda saman kerfi helstu umferðargatna í þéttbýli." [2] |
| Tengibraut | 2 | „Tengibrautir tengja einstaka bæjarhluta við stofnbrautakerfið og nálæga bæjarhluta saman innbyrðis og eru helstu umferðargötur í hverjum bæjarhluta. Stofn- og tengibrautir mynda saman kerfi helstu umferðargatna í þéttbýli." [2] |
| Aðrar götur (safnbraut / húsagata | 3 | „Safnbrautir eru helstu umferðargötur innan hvers hverfis. Þær tengja húsagötur við tengi- og stofnbrautir." „Húsagötur eiga fyrst og fremst að veita aðgang að húsum og starfsemi við viðkomandi götu." [2] |
| Bílastæði | 20 | |
| Gangstétt | 21 | „Sá hluti vegar til hliðar við akbraut, sem aðallega er ætlaður gangandi vegfarendum.“ [6] |
| Göngustígur | 22 | „Í samgönguáætlun er heimilt að veita fé til almennra hjólreiða- og göngustíga meðfram umferðarmestu þjóðvegum samkvæmt sérstakri áætlun sem gerð skal að höfðu samráði við sveitarfélög.“ [1] |
| Hjólreiðastígur | 23 | „Í samgönguáætlun er heimilt að veita fé til almennra hjólreiða- og göngustíga meðfram umferðarmestu þjóðvegum samkvæmt sérstakri áætlun sem gerð skal að höfðu samráði við sveitarfélög.“ [1] |
| Reiðvegur | 24 | „Í samgönguáætlun er heimilt að veita fé til almennra reiðstíga samkvæmt sérstakri áætlun sem gerð skal að höfðu samráði við samtök hestamanna og sveitarfélög.“ [1] |

**Fitjueigind**

| | |
|---|---|
| **Nafn** | *Vegnúmer* |
| **Skilgreining** | Eins, tveggja, þriggja eða fjögurra stafa tala, sem tilheyrir hverju vegheiti, aðallega eftir þýðingu vegar í vegakerfinu. Einkennistala vega: Til dæmis; hringvegurinn er númer 1, Reykjanesbrautin er númer 41 o.s.frv. |
| **Heiti** | vegnr |
| **Tegund eigindar í gagnagrunni** | Textastrengur (e: character) |
| **Mælieining eigindar** | Fyrirfram ákveðið númer frá Vegagerðinni |
| **Gerð gildisóðals** | Ákveðið gildi |

| | |
|---|---|
| **Gildisóðal** | Jákvæðar heiltölur og bókstafir |

**Fitjueigind**

| | |
|---|---|
| **Nafn** | *Vegtegund* (áður Gerð vega*)* |
| **Skilgreining** | Vegagerðin skilgreinir vegtegundir á eftirfarandi hátt: „Vegtegundir eru ákvarðandi fyrir tæknilega gerð vega. Grunntegundir eru eftirfarandi“. [3] |
| **Heiti** | vegtegund |
| **Tegund eigindar í gagnagrunni** | Textastrengur (e: character) |
| **Mælieining eigindar** | Engin |
| **Gerð gildisóðals** | 1 = tilbúið gildi |

| **Gildi fitjueigindar** | | |
|---|---|---|
| *Nafn* | *Kóði* | *Skilgreining* |
| Gerð A | A | „Vegir með tveimur aðskildum akbrautum, a.m.k. fjórum akreinum, öxlum og eða kantsteinum.“ [3] |
| Gerð B | B | „Vegir með tveimur til fjórum aðskildum akreinum og a.m.k. 2 m miðdeili, 12 ≤ heildarbreidd ≤19 m.“ [3] |
| Gerð C | C | ”Vegir með tveimur akreinum, 7 m ≤heildarbreidd ≤10 m.” [3] |
| Gerð D | D | „Vegir með einni akrein og útskotum.“ [3] |
| Gerð F | F | „Slóðir“ [3] |
| Gerð F1 | F1 | Slóðir – Seinfær vegur, fær allri almennri umferð að sumarlagi. Einungis slóð, oftar en ekki lægri en landið til beggja hliða. Breidd um 4 m. Stórir lækir og ár brúaðar. Vegir þessir eru oft lokaðir á veturna vegna snjóa og vegna aurbleytu á þáatíð. Gildir aðeins um landsvegi. [3] |
| Gerð F2 | F2 | Slóðir – Lakfær vegur, fær fjórhjóladrifnum bílum, mjög öflugum fólksbílum og jepplingum. Einungis slóð, oftar en ekki lægri en landið til beggja hliða. Breidd um 4 m. Lækir og smáár óbrúaðar. Oft lokað á veturna vegna snjóa og aurbleytu á þáatíð. Gildir aðeins um landsvegi. [3] |
| Gerð F3 | F3 | Slóðir – Torfær vegur, einungis fær stórum og vel búnum fjórhjóladrifnum bílum, ofurjeppum. Slóð, oftar en ekki lægri en landið til beggja hliða, geta verið ójafnar, grýttar og með bleytuíhlaupum. Breidd um 4 m. Oft lokað á veturna vegna snjóa og aurbleytu á þáatíð. Gildir aðeins um landsvegi. [3] |

## 310 Flugvöllur

| Nafn | ***Flugvöllur*** |
|---|---|
| **Skilgreining** | ”Tiltekið svæði á láði eða legi, að meðtöldum byggingum og búnaði sem er ætlað til afnota við komu, brottför og hreyfingar loftfara á jörðu niðri”. [4] |
| **Kóði** | 310 |

| **Fitjueigindir** | | |
|---|---|---|
| | Brautarnúmer | brautarnr |
| | Eining flugvallar | einingFlugvallar |
| | Slitlag | slitlag |

**Fitjueigind**

| **Nafn** | *Brautarnúmer* |
|---|---|
| **Skilgreining** | Auðkennisnúmer flug- / akbrauta flugvalla. |
| **Heiti** | brautarnr |
| **Tegund eigindar í gagnagrunni** | Heiltala |
| **Mælieining eigindar** | Engin |
| **Gerð gildisóðals** | Ákveðið gildi |
| **Gildisóðal** | Heiltala |

**Fitjueigind**

| **Nafn** | *Eining flugvallar* |
|---|---|
| **Skilgreining** | Fitjueigindin er notuð til að greina á milli fyrirbæra á flugvallarsvæðum. |
| **Heiti** | einingFlugvallar |
| **Tegund eigindar í gagnagrunni** | Heiltala |
| **Mælieining eigindar** | Engin |
| **Gerð gildisóðals** | 1 = tilbúið gildi |

| **Gildi fitjueigindar** | | |
|---|---|---|
| *Nafn* | *Kóði* | *Skilgreining* |
| Flugbraut (e. Runway) | 1 | Afmarkað, rétthyrnt svæði á flugvelli, gert til flugtaks og lendinga loftfara. [4] Flugbraut getur verið innan flugvallar og þá sem hluti af honum, eða stök flugbraut sem er lendingarstaður, neyðar-, sjúkra- eða einkaflugbraut. |
| Akbraut (e. Taxiway) | 2 | Tiltekin braut á flugvelli, gerð fyrir akstur loftfara og ætluð til tengingar milli mismunandi hluta flugvallar, þ.m.t.:<br>a) Akbraut loftfarastæðis (Aircraft stand taxilane). Hluti hlaðs, merktur sem akbraut og eingöngu ætlaður til að komast að loftfarastæðum.<br>b) Akbraut á hlaði (Apron taxiway). Hluti akreinakerfis á hlöðum ætlað til aksturs yfir hlöðin.<br>c) Hraðakstursbraut (Rapid exit taxiway). Akbraut tengd flugbraut með hvössu horni og hönnuð til aksturs af flugbraut eftir lendingu með meiri hraða en kleift er á öðrum akbrautum svo að dvöl á flugbraut verði sem styst. [4] |
| Flughlað | 3 | Flughlað er slétt athafnasvæði fyrir geymslu og þjónustu við og fyrir flugvélar á flugvöllum, við flugstöðvar, flugskýli o.þ.h. ) |
| Þyrlulendingarstaður | 4 | Lendingarstaður sérhannaður fyrir þyrlur hvort sem er til flutninga á fólki, varningi eða til neyðaraðgerða (sjúkra- eða björgunarflug). |

**Fitjueigind**

| | |
|---|---|
| **Nafn** | *Slitlag* |
| **Skilgreining** | Gerð slitgólfs eða slitlags á vegum og stígum. |
| **Heiti** | slitlag |
| **Tegund eigindar í gagnagrunni** | Heiltala |
| **Mælieining eigindar** | Engin |
| **Gerð gildisóðals** | 1 = tilbúið gildi |

| **Gildi fitjueigindar** | | |
|---|---|---|
| *Nafn* | *Kóði* | *Skilgreining* |
| Bundið | 10 | Bundið óskilgreint slitlag |
| Klæðing | 13 | |
| Stungumalbik / Malbik | 14 | |
| Steypa | 15 | |
| Hellur / Steinar | 17 | |
| Óbundið | 20 | Óbundið óskilgreint slitlag |
| Möl | 21 | |
| Mold | 22 | |
| Kurl | 23 | |
| Gras | 24 | |

## 320 Höfn / hafnarsvæði

| | |
|---|---|
| **Nafn** | ***Höfn / hafnarsvæði*** |
| **Skilgreining** | „Höfn táknar í lögum þessum svæði á landi og sjó með mannvirkjum og tækjum til móttöku skipa, losunar og lestunar þeirra, geymslu vöru, móttöku og afgreiðslu þessarar vöru til áframhaldandi sjó- eða landflutninga og til móttöku og brottfarar farþega.“ [5] |
| **Kóði** | 320 |

| **Fitjueigindir** | | |
|---|---|---|
| | Efni í viðlegumannvirki | efniVidlegumannvirki |
| | Eining hafnar | einingHafnar |
| | Flokkun hafna | hafnir |
| | Gerð sjóvarna | gerdSjovarna |
| | Gerð upptökumannvirkis | gerdUpptokumannvirkis |
| | Gerð viðlegumannvirkis | gerdVidlegumannvirkis |
| | Hæð | haed |
| | Legudýpi | legudypi |
| | Lengd | lengd |
| | Sæflötur hafnar | saefloturHafnar |

**Fitjueigind**

| | |
|---|---|
| **Nafn** | *Efni í viðlegumannvirki* |
| **Skilgreining** | Byggingarefni viðlegumannvirkis, timbur, harðviður, stálbitar, strengjasteypa, stálþil, steinsteypt ker. |
| **Heiti** | efniVidlegumannvirki |
| **Tegund eigindar í gagnagrunni** | Heiltala (e: integer) |
| **Mælieining eigindar** | Engin |
| **Gerð gildisóðals** | 1 = tilbúið gildi |

| **Gildi fitjueigindar** | | |
|---|---|---|
| *Nafn* | *Kóði* | *Skilgreining* |
| Timburbryggja | 1 | Timburbryggja úr öðrum viði en harðviði |
| Harðviðarbryggja | 2 | |
| Stálbitabryggja | 3 | |
| Strengjasteypubryggja | 4 | |
| Stálþilsbryggja | 5 | |
| Steinsteypt ker | 6 | |

**Fitjueigind**

| | |
|---|---|
| **Nafn** | *Eining hafnar* |
| **Skilgreining** | Fitjueigindin er notuð til að greina á milli fyrirbæra á hafnarsvæðum. |
| **Heiti** | einingHafnar |
| **Tegund eigindar í gagnagrunni** | Heiltala (e: integer) |
| **Mælieining eigindar** | Engin |
| **Gerð gildisóðals** | 1 = tilbúið gildi |

| Gildi fitjueigindar | | |
|---|---|---|
| *Nafn* | *Kóði* | *Skilgreining* |
| Viðlegumannvirki | 1 | Viðlegumannvirki eru bryggjur og önnur mannvirki innan hafnar sem ætluð eru til viðlegu fyrir fljótandi för. [5] |
| Skjólgarður | 2 | Skjólgarðar eru mannvirki sem ætlað er að veita viðlegumannvirkjum og innsiglingum skjól fyrir öldum, straumum og sandburði. [5] |
| Upptökumannvirki | 3 | Mannvirki til upptöku og sjósetningar skipa og báta. |

## Fitjueigind

| | |
|---|---|
| **Nafn** | *Flokkun hafna* |
| **Skilgreining** | Flestar hafnir á Íslandi eru fiskihafnir að hluta eða jafnvel eingöngu að iðnaðarhöfnum undanskildum. Fiskihafnir eru flokkaðar eftir stærð, en hver flokkur þarf síðan að uppfylla ákveðnar lágmarkskröfur sem hæfa því hönnunarskipi sem miðað er við. Þetta varðar m.a. dýpi við kanta og í innsiglingu, snúningsrými o.fl. [7] |
| **Heiti** | Hafnir |
| **Tegund eigindar í gagnagrunni** | Heiltala (e: integer) |
| **Mælieining eigindar** | Engin |
| **Gerð gildisóðals** | 1 = tilbúið gildi |

| Gildi fitjueigindar | | |
|---|---|---|
| *Nafn* | *Kóði* | *Skilgreining* [7] |
| Fiskihöfn | 1 | Höfn með aðstöðu til löndunar og öruggrar viðlegu fiskiskipa sem veitir öruggt skjól í öllum veðrum. |
| Stórskipahöfn | 11 | Höfn með mikil umsvif þar sem boðið er upp á flesta þá þjónustu sem útgerð þarf á að halda. Miðað er við að hafnir í þessum flokk geti tekið á móti fiskiskipum sem eru 70 – 80 m löng, 12 – 16 m breið og rista í kringum 8,0 – 9 m. Einnig þarf að verða aðstaða til að taka við flutningaskipum sem eru 100 – 130 m löng, 14 – 19 m breið og rista 6 – 8 m. Í þessum flokki eru eftirtaldar 16 hafnir: Akraneshöfn, Akureyrar-höfn, Eskifjarðarhöfn, Fáskrúðsfjarðarhöfn, Grindavíkurhöfn, Hafnarfjarðarhöfn, Hornafjarðarhöfn, Höfnin í Keflavík / Njarðvík (Reykjaneshöfn), Ísafjarðarhöfn, Neskaupstaðarhöfn, Reykjavíkurhöfn, Sandgerðishöfn, Seyðisfjarðarhöfn, Siglufjarðarhöfn, Vestmannaeyjahöfn, Þorlákshöfn. |
| Skipahöfn | 12 | Töluverð umsvif og boðið upp á nauðsynlega þjónustu. Miðað er við að hafnir í þessum flokki geti tekið á móti fiskiskipum sem eru 50 – 60 m löng, 10 – 12 m breið og rista 6 – 7 m. Ef um umtalsverða löndun uppsjávarfisks er að ræða (yfir 10 000 tonn miðað við þriggja ára tímabil) þurfa þessar hafnir þó að geta tekið á móti skipum með um 8 m djúpristu. Þörf er á aðstöðu fyrir flutningaskip, 80 – 110 m löng, 12 – 16 m breið með 7 – 8 m djúpristu nema stór fiski- eða flutningahöfn sé nálægt og samgöngur þangað greiðar. Í þessum flokki eru eftirtaldar 17 hafnir: Bolungarvíkurhöfn, Dalvíkurhöfn, Djúpavogshöfn, Grundarfjarðarhöfn, Húsavíkurhöfn, Ólafsfjarðarhöfn, Ólafsvíkurhöfn, Patreksfjarðarhöfn, Raufarhöfn, Reyðarfjarðarhöfn, Rifshöfn, Sandgerðishöfn, Sauðárkrókshöfn, Stykkishólmshöfn, Skagastrandar-höfn, Vopnafjarðarhöfn, Þórshöfn. |
| Bátahöfn | 13 | Í höfnum í þessum flokki eru töluvert minni umsvif en í stærri flokkunum og yfirleitt er ekki boðið upp á mikla þjónustu. Miðað er við að hægt sé að taka á móti fiskiskipum sem eru 40 – 50 m löng, 7 – 9 m breið og rista 5 – 6 m. Ekki er þörf á aðstöðu fyrir flutningaskip nema samgöngur á landi séu mjög erfiðar. Í flokki bátahafna eru eftirtaldar 11 hafnir: Árskógssandshöfn, Bíldudalshöfn, Blönduóshöfn, Flateyrarhöfn, Hólmavíkurhöfn, Hvammstangahöfn, Stöðvarfjarðarhöfn, Suðureyrarhöfn, Súðavíkurhöfn, Tálknafjarðarhöfn, Þingeyrarhöfn. |
| Smábátahöfn | 14 | Aðstaða fyrir löndun og geymslu á litlum fiskibátum. Miðað er við að hafnir í þessum flokki geti tekið við bátum 10 – 15 m löngum, 3 – 4 m breiðum og með –3 m djúpristu. Í flokki smábátahafna eru eftirtaldar 15 hafnir: Arnarstapahöfn, Árskógssandshöfn, Bakkafjarðarhöfn, |

| | | |
|---|---|---|
| | | Borgarfjarðarhöfn eystri, Breiðdalsvíkurhöfn, Brjánslækjarhöfn, Drangsneshöfn, Grenivíkurhöfn, Grímseyjarhöfn, Hjalteyrarhöfn, Hofsóshöfn, Hríseyjarhöfn, Kópaskershöfn, Norðurfjarðarhöfn, Vogahöfn. |
| Farmhöfn | 62 | Höfn með mannvirkjum og tækjum til móttöku farmskipa, losunar og lestunar þeirra, geymslu vöru, afgreiðslu þessarar vöru til áframhaldandi sjó- eða landflutninga. Flestar fiskihafnanna sem taldar eru í flokki 11 og all margar í minni flokkunum eru líka farmhafnir. Skemmtiferðaskip hafa viðkomu í 9 farmhöfnum. |
| Ferjuhöfn | 73 | Höfn með mannvirkjum og tækjum til móttöku og brottfarar farþega og ökutækja þegar um bílferju er að ræða. Ferjuhafnir eru í Stykkishólmi, Flatey, Brjánslæk, Ísafirði, Vigur, Æðey, Dalvík, Árskógssandi, Hrísey, Grímsey, Seyðisfirði, Mjóafirði, Neskaupstað, Vestmannaeyjum og Þorlákshöfn. |
| Iðnaðarhöfn | 84 | Iðnaðarhafnir, sem sérstaklega er ætlað að þjóna ákveðnum iðnaði, eru í Straumsvík, á Grundartanga, Reykhólum og Mjóeyri í Reyðarfirði. Einnig má hér telja olíuhöfn við Litlasand í Hvalfirði. |
| Skemmtibátahöfn Lendingarstaðir o.fl. | 95 | Staðir með löndunaraðstöðu fyrir smábáta. Einnig gamlar ferjubryggjur frá fyrri tíð eða hafnaraðstaða fyrir skemmtibáta eingöngu. |
| Ból - legufæri | Ath | Hvalfjörður, áður við Örfirisey og Laugarnes. |

**Fitjueigind**

| | |
|---|---|
| **Nafn** | *Gerð sjóvarna* |
| **Skilgreining** | Gerð skjólgarðs/brimvarnargarðs, hefðbundinn grjótgarður eða bermugarður. |
| **Heiti** | gerdSjovarna |
| **Tegund eigindar í gagnagrunni** | Heiltala |
| **Mælieining eigindar** | Engin |
| **Gerð gildisóðals** | 1 = tilbúið gildi |

| **Gildi fitjueigindar** | | |
|---|---|---|
| *Nafn* | *Kóði* | *Skilgreining* |
| Hefðbundinn grjótgarður | 1 | |
| Bermugarður | 2 | Grjótgarður byggður sem bermugarður |
| Öldudemparar | 3 | Ath |
| Sjóvörn | 4 | Ath |

**Fitjueigind**

| | |
|---|---|
| **Nafn** | *Gerð upptökumannvirkis* |
| **Skilgreining** | Gerð upptökumannvirkis. |
| **Heiti** | gerdUpptokumannvirkis |
| **Tegund eigindar í gagnagrunni** | Heiltala (e: integer) |
| **Mælieining eigindar** | Engin |
| **Gerð gildisóðals** | 1 = tilbúið gildi |

| **Gildi fitjueigindar** | | |
|---|---|---|
| *Nafn* | *Kóði* | *Skilgreining* |
| Skábraut | 1 | Skábraut, steypt hallandi plan til að taka upp og setja niður smábáta á vagni. |
| Slippur | 2 | Slippur, jafnhallandi eða bogadregin slippspor og dráttarbrautarvagn sem skip sigla inn í. Vagn og skip síðan dregin á land með spili. |
| Flotkví | 3 | Fljótandi kví tengd við land. Sökkt með því að sjó er dælt í flottanka. Skip siglir inn í kvína sem lyft er með því dæla sjó úr tönkum. |
| Skipalyfta | 4 | Pallur sem hægt er að slaka niður í sjó svo skip geti siglt inn yfir hann. Samverkandi (syncronised) spil lyfta palli og skipi upp í landhæð. |

**Fitjueigind**

| **Nafn** | *Gerð viðlegumannvirkis* |
|---|---|
| **Skilgreining** | Gerð viðlegumannvirkis, s.s. opin bryggja, lokuð bryggja eða flotbryggja. |
| **Heiti** | gerdVidlegumannvirkis |
| **Tegund eigindar í gagnagrunni** | Heiltala (e: integer) |
| **Mælieining eigindar** | Engin |
| **Gerð gildisóðals** | 1 = tilbúið gildi |

| **Gildi fitjueigindar** | | |
|---|---|---|
| *Nafn* | *Kóði* | *Skilgreining* |
| Opin bryggja | 1 | Opin staurabryggja |
| Lokuð bryggja | 2 | Fyllt lokuð bryggja |
| Flotbryggja | 3 | |
| Einbúar | 4 | Akranes |

**Fitjueigind - Athuga**

| **Nafn** | *Hæð (Legudýpi)* |
|---|---|
| **Skilgreining** | Hæð fyrirbæris. Athuga: Ef um skjólgarð er að ræða, hæðarkóti á skjólgarði, þar sem hann er hæstur. Ef um viðlegumannvirki er að ræða, hæðarkóti á viðlegumannvirki mælt í hæðarkerfi hafnarinnar. Ef hæðarkóti er mismunandi á viðlegumannvirki þá skal tilgreina hæðarkóta við dýpstu viðlegu. |
| **Heiti** | Haed |
| **Tegund eigindar í gagnagrunni** | Rauntala (e: real) |
| **Mælieining eigindar** | Metrar (m) |
| **Gerð gildisóðals** | Ákveðið gildi |
| **Gildisóðal** | Jákvæðar rauntölur |

**Fitjueigind**

| **Nafn** | *Lengd* |
|---|---|
| **Skilgreining** | Heildarlengd hvers fyrirbæris. |
| **Heiti** | Lengd |
| **Tegund eigindar í gagnagrunni** | Rauntala (e: real) |
| **Mælieining eigindar** | Metrar |
| **Gerð gildisóðals** | Ákveðið gildi |
| **Gildisóðal** | Jákvæðar rauntölur |

**Fitjueigind**

| **Nafn** | *Sæflötur hafnar* |
|---|---|
| **Skilgreining** | Sæflötur innan hafnar, flatarmál sæflatar innan hafnarmynnis þar sem dýpi er > 2 m miðað við korta núll. Ef hafnarmynni er ekki skýrt afmarkað skal miða við það svæði þar sem skjól er í flestum áttum, nema e.t.v. í einni vindátt, sem þá er ekki talin ríkjandi vindátt. |
| **Heiti** | saefloturHafnar |
| **Tegund eigindar í gagnagrunni** | Rauntala (e: real) |
| **Mælieining eigindar** | Fermetrar |
| **Gerð gildisóðals** | Ákveðið gildi |
| **Gildisóðal** | Jákvæðar rauntölur |

**Tilvitnanaskrá**

[1] *Vegalög* nr. 80/2007.

[2] *Skipulagsreglugerð* nr. 400/1998. Skipulagsstofnun.

[3] Af heimasíðu Vegagerðarinnar (2011) ( http://www.vegagerdin.is/vegakerfid/vegtegundir/ )

[4] *Reglugerð um flugvelli* nr. 464/2007.

[5] *Hafnalög* nr. 61/2003.

[6] *Umferðarlög* nr. 50/1987

[7] Flokkun Fiskihafna, Siglingastofnun, 2001.

## Útgáfusaga og breytingar

| Útgáfunúmer | Dagsetning útgáfu | Hver breytti | Athugasemdir |
|---|---|---|---|
| 1.0 | 10.08.2012 | AGA | 1. útgáfa skjalsins |
| 1.1 | 19.09.2012 | AGA | Fitjueigindum bætt við: *hradi* og *akstursstefna.* Einnig kóða fyrir gras undir fitjueigindinni *Slitlag*.<br>Undir fitjueigindina *Vegflokkun*, aftur sett inn gildið *Almennir vegir* kóði 5. |
| 1.2 | 11.08.2017 | AGA | Gildinu *Stofnvegur um hálendið* bætt við fitjueigindina *Vegflokkun,* kóði 8.<br>*Hæð*, hugtakinu *Legudýpi* bætt við töfluna og tafla fyrir legudýpi tekin út, enda auð. |
| | | | |